

uði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á. og með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 35.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðförför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1987.

Nr. 120/1986. **Kaupfélag Húnvetninga**

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

gegn

skiptaráðandanum í Árnassýslu

vegna þrotabús Vörðufells h/f

(Sigurður Helgi Guðjónsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Riftun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og prófessor Stefán Már Stefánsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1986. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeim breytingum, að hann krefst 32% ársvaxta frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags er krafist þeirra dráttarvaxta sem Seðlabanki

Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi fékk goldna skuld Vörðufells hf., þá sem í málinu greinir, með þeim hætti að félagið afsalaði til Konráðs Vilhjálms-sonar og Pálma Friðrikssonar loftpressu og bortæki gegn því að þeir tækju að sér greiðslu á skuldinni við áfrýjanda. Afhentu þeir síðan áfrýjanda víxla henni til lúkningar. Verður að telja að með þessum greiðsluhætti hafi Vörðufell hf. goldið skuld sína við áfrýjanda með óvenjulegum greiðslueyri í skilningi 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978.

Af hálfu áfrýjanda hefir ekki verið hreyft andmælum við fjárhæð dómkröfu stefnda né upphafstíma vaxta.

Með þessari athugasemd en að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms þykir rétt að staðfesta hann með þeirri vaxtabreytingu er greinir í dómsorði.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Húnvetninga, greiði stefnda, skiptaráðandanum í Árnessýslu vegna þrotabús Vörðufells h/f 300.000,00 krónur auk 32% ársvaxta frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 30,8% ársvaxta frá þeim degi til 1. febrúar s.á., 39% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars s.á., 48% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1986, 33% ársvaxta frá þeim degi til 1. apríl s.á., 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. mars 1987, 30% ársvaxta frá þeim degi til 8. maí 1987, en frá þeim degi til greiðsludags þeirra dráttarvaxta, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 65.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Verktakafyrirtækið Vörðufell h/f seldi skagfirskum verktökum, Pálma Friðrikssyni og Konráð Vilhjálmssyni, loftpressu og borgeit með fylgihlutum. Ekki er fram komið að áfrýjandi hafi átt hlut að þessum viðskiptum. Í afsali fyrir tækjunum 3. desember 1983 er þess getið, að andvirði þeirra skuli renna til greiðslu á gjaldfallinni skuld Vörðufells h/f við áfrýjanda. Með skuldskeytingarsamningi 19. s.m., sem greindur er í héraðsdómi, ganga þeir Pálmi og Konráð frá greiðslu á skuldinni við áfrýjanda. Eigi verður talið að greiðslan sé frábrugðin því sem tíðkað er í viðskiptum og ekki er heldur fram komið, að áfrýjanda hafi verið ljóst eða mátt vera ljóst að stefnda biði greiðslustöðvun og gjaldþrot. Var greiðslan því „venjuleg eftir atvikum“ og greiðslueyrir ekki óvenjulegur. Brestur því heimild til að rifta henni á grundvelli 54. eða 61. gr. laga nr. 6/1978.

Samkvæmt framanrituðu ber að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum stefnda, sem greiði honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. desember 1985.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. desember sl., höfðaði Viðar Már Matthíasson hdl., nnr. 9184-3838, Borgartúni 24, Reykjavík, sem skiptastjóri í þrotabúi Vörðufells hf., nnr. 9342-9710, Hörðuvöllum 1, Selfossi, gegn Kaupfélagi Húnavetninga, nnr. 5579-3360, Blönduósi, Austur Húnavatns-sýslu.

Með heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 sömdu aðilar um að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær í fyrsta lagi að rift verði greiðslu á skuld Vörðufells hf. við stefnda að fjárhæð kr. 300.000,00 sem fram hafi farið 3. desember 1983 með afhendingu (sölu) loftpressu og borgeitar ásamt fylgihlutum til Pálma Friðrikssonar, nnr. 7044-6854 og Konráðs Vilhjálmssonar, nnr. 5685-6854.

Í öðru lagi að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 300.000,00 með 32% ársvöxtum frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim

degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á. og með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Í þriðja lagi krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbætttri þóknun kr. 5.500,00 til vitnisins Sigurðar Jónssonar.

Dómkröfur stefnda eru þær að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu en ekki tekist.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Fyrirtækið Vörðufell hf. tók að sér fyrir Landsvirkjun að byggja hlöðu og fjárhús á Eiðsstöðum í Blöndudal. Framkvæmdirnar munu hafa staðið yfir sumarið og haustið 1983. Vörðufell fékk heimild hjá stefnda til þess að taka út vörur af ýmsu tagi sem honum voru nauðsynlegar vegna þessara framkvæmda í viðskiptareikningi í verslun stefnda á Blönduósi.

Samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnda nam skuldin hinn 31. október 1983 kr. 532.497,05, en á úttektartímanum hafði Vörðufell hf. ekkert greitt og gerði heldur ekki eftir að viðskiptunum lauk þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir stefnda. Stefndi fékk þá lögræðingi sínum skuld þessa til innheimtu.

Stefndi höfðaði síðan áskorunarmál fyrir aukadómþingi Húnavatnssýslu hinn 28. nóvember 1983 fyrir skuldinni. Skuldin var gerð aðfararhæf með áritun á stefnu og 5. desember 1983 gerði fulltrúi yfirborgarféðgetans í Reykjavík fjárnám fyrir skuldinni í tveim bifreiðum Vörðufells hf. að kröfu stefnda.

Með afsali Vörðufells hf. dags. 3. desember 1983 seldi fyrirtækið og afsalaði þeim Pálma Friðrikssyni og Konráði Vilhjálmsyni loftpressu og borgeit ásamt fylgihlutum. Kaupverð var umsamið kr. 300.000,00 og áttu kaupendur að greiða það með yfirtöku á skuld við Kaupfélag Húnavetninga á Blönduósi samkvæmt samkomulagi þar um.

Hinn 19. desember gera stefndi og þeir Pálmi og Konráð með sér svo-felldan skuldskeytingarsamning:

„Undirritaðir Pálmi Friðriksson, Háuhlið 6, Sauðárkróki, og Konráð Vilhjálmsson, Ytri-Brekku, Skagafirði, taka að sér að greiða kr. 300.000,- —þrjúhundruðþúsundkrónur— af skuld Vörðufells h/f við Kaupfélag Húnavetninga. Skuldin greiðist á eftirfarandi hátt:

Þann 20. janúar 1984 kr. 100.000,00

— 20. apríl 1984 — 100.000,00

— 20. júní 1984 — 100.000,00 auk vaxta og kostnaðar
kr. 26.510,00 samtals kr. 126.510,00.

Af skuldinni reiknast víxilvextir frá 3. desember 1983 til greiðsludags. Til tryggingar skuldarinnar eru samþykktir þrír víxlar samkvæmt framanrituðu.“

Með bréfi til sýslumannsins í Árnessýslu dags. 29. mars 1984 óskaði lögmaður Vörðufells hf. f.h. félagsins eftir heimild til greiðslustöðvunar í allt að þrjá mánuði. Sýslumaður tók við bréfinu 6. apríl og 13. s.m. var veitt heimild til greiðslustöðvunar til 13. júlí 1984. Greiðslustöðvunin var síðar framlengd til 13. september 1984 en þá var bú Vörðufells hf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Viðar Már Matthíasson hdl., sem fyrst var ráðinn bústjóri til bráðabirgða í þrotabúi Vörðufells hf. og síðan kosinn skiptastjóri hinn 8. febrúar 1985, krafði stefnda bréflega fyrst 19. nóvember 1984 og síðan 27. febrúar 1985 um endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar er Pálmi og Konráð tóku að sér að greiða f.h. Vörðufells hf. en stefndi synjaði þeim tilmælum. Mál þetta var höfðað með þingfestingu þess 21. mars 1985.

Kröfu sína um riftun framangreindrar greiðslu byggir stefnandi í fyrsta lagi á 1. mgr. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Stefnandi heldur því fram að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða sem runnið hafi til stefnda sem greiðsla á skuldum Vörðufells hf. við hann á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag sem í þessu tilviki sé 6. apríl 1984. Engu máli skipti þótt Pálmi Friðriksson og Konráð Vilhjálmsson hafi átt aðild að því að koma greiðslunni í kring, enda strax um það samið að þeir greiddu stefnda. Þeir hafi ekki hagnast sérstaklega á viðskiptunum. Ekki skipti máli þótt stefndi hafi að lokum fengið greiðslu í reiðufé, en miða verði við það hvaða greiðslu þrotamaður láti af hendi í upphafi. Þessi greiðslueyrir sé óvenjulegur enda þótt lítið sé til þess að greiðslan hafi framið fram á þeim árstíma þegar oft sé lítið um umsvif hjá verktakafyrirtækjum og þau reyni að losa sig við tæki sem þau hafi ekki þörf fyrir.

Verði á riftun greiðslunnar fallist eigi stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 að greiða stefnanda kr. 300.000,00, en þá fjárhæð hafi hann fengið umfram aðra kröfuhafa í þrotabúi Vörðufells hf. Að fá kr. 300.000,00 sé sá hagur sem stefndi hafi haft af þessari ráðstöfun Vörðufells hf.

Þá byggir stefnandi í öðru lagi kröfu sína um riftun á 61. gr. laga nr. 6/1978. Vörðufell hf. hafi í raun verið gjaldþrota á þessum tíma. Sú málsástæða sé þýðingarlaus að greiðslan hafi ekki ráðið úrslitum um gjaldfærni Vörðufells hf., til dæmis hafi hlaupareikningi félagsins verið lokað haustið 1983 og þess hafi verið stutt að biða að beðið hafi verið um greiðslustöðvun, en bú félagsins hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta að henni lokinni. Telja megi sannað af gögnum málsins að stefndi hafi vitað eða mátt vita hversu bág staða Vörðufells hf. hafi verið þegar hin umdeilda greiðsla fór fram.

Samkvæmt 63. gr. laga nr. 6/1978 beri stefnda verði greiðslunni rift

samkvæmt 61. gr. laganna að greiða stefnanda kr. 300.000,00, en það sé tjónið sem þrotabúið hafi haft af ráðstöfun Vörðufells hf.

Af hálfu stefnda er því haldið fram að hann sé ekki aðili að þeim samningi sem Vörðufell hf. og Pálmi Friðriksson og Konráð Vilhjálmsson gerðu um kaupin á loftpressu og borgeit 3. desember 1983. Þessi samningur hafi verið gerður án tillits til skuldar Vörðufells hf. við stefnda og hafi stefndi ekki vitað um samningsgerðina fyrr en 19. desember þegar skuldskeytingarsamningurinn hafi verið gerður. Þá hafi stefndi verið búinn að gera fjárnám hjá Vörðufelli hf. Það hafi verið gert 5. desember. Kröfum vegna þessa samnings eigi að beina gegn Pálma og Konráði en ekki stefnda sem sýkna eigi vegna aðildarskorts. Það beri að skýra 1. mgr. 54. gr. laga nr. 6/1978 þröngt og taka tillit til aðstæðna sem ríki þegar greiðslan sé innt af hendi. Greiðsla Vörðufells hf. hafi ekki verið óvenjuleg þar sem algengt sé að verktakar losi sig við tæki með þessum hætti þegar lítið sé að gera með þau, eins og verið hafi á þessum tíma. Þá sé hvort tveggja skilyrði riftunar skv. 1. mgr. 54. gr. að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri og fyrr en eðlilegt hafi verið. Hvorugu þessara skilyrða sé fullnægt í því tilviki sem hér um ræði.

Því sé alfarið mótmælt að stefndi hafi vitað eða mátt vita um greiðsluferfiðleika hjá Vörðufelli hf. Fyrirtækið hafi verið í fullum rekstri og boðið í ný verk. Forráðamenn fyrirtækisins hafi sagt stefnda að það ætti miklar fjárhæðir útistandandi. Greiðslan sem um sé deilt í málinu hafi engu ráðið um gjaldfærni Vörðufells hf. Engin skilyrði séu til þess að rifta samkvæmt 61. gr. laga nr. 6/1978.

Niðurstaða dómsins.

Þegar hinn 3. desember 1983 er Vörðufell hf. selur og afsalar Pálma Friðrikssyni og Konráði Vilhjálmsyni loftpressu, borgeit og fylgihlutum var ákveðið að kaupverðið skyldu þeir greiða með yfirtöku á skuld Vörðufells hf. við stefnda, Kaupfélag Húnvetninga, „samkvæmt samkomulagi þar um“ eins og í afsalinu segir. Eigi er ljóst til hvaða samkomulags er verið að vitna, en hins vegar gátu aðilar afsalsins ekki samið um skipti á skuldurum stefnda nema með samþykki hans. Það samþykki veitti stefndi í síðasta lagi 19. desember 1983 með samningi við Pálma og Konráð.

Ljóst er að frá upphafi var það vilji forráðamanna Vörðufells hf. að stefndi sem einn kröfuhafa fyrirtækisins fengi í sinn hlut andvirði umræddra tækja.

Þegar viðskipti þessi eru skoðuð með 1. tl. 54. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 í huga verður að telja einu gilda þá staðreynd að stefndi fékk ekki tækin sjálf í hendur heldur andvirði þeirra greitt af kaupendunum. Stefndi er engu að síður réttur aðili þessa máls.

Greiðslan á sér stað á síðustu 6 mánuðum fyrir frestdag sem er 6. apríl 1984 í þessu tilfalli.

Samkvæmt 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978 er það skilyrði eitt sér nægilegt til að rifta megi greiðslu að greiðslueyrir hafi verið óvenjulegur ef greiðslan hefur farið fram á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag.

Ekkert er komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi áður átt viðskipti þess eðlis að Vörðufell hf. hafi greitt stefnda með þeim hætti sem að framan er rakinn eða svipuðum. Ekki er heldur neitt komið fram um að stefndi og Vörðufell hf. hafi þegar til viðskiptanna var stofnað samið um að greitt skyldi með þessum hætti.

Þótt tíðkanlegt kunni að vera að verktakafyrirtæki greiði skuldir með afhendingu vinnuvéla verður engu að síður að telja eins og hér stendur á að um óvenjulegan greiðslueyri hafi verið að ræða og það enda þótt stefndi hafi ekki sjálfur fengið umræddar vélar í hendur. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um riftun greiðslunnar á grundvelli 1. tl. 54. gr. laga nr. 6/1978.

Upplýst er að stefnda er heimilt að lýsa kröfu sinni í þrotabú Vörðufells hf. enda þótt auglýstur kröfulýsingarfrestur sé runninn út. Með það í huga og svo hitt að því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnda að tjón stefnanda sé minna en hann heldur fram ber að fallast á þá kröfu stefnanda að stefndi samkvæmt 1. tl. 62. gr. laga nr. 6/1978 greiði honum kr. 300.000,00.

Vaxtakröfu stefnanda hefur stefndi ekki mótmælt og verður hún tekin til greina þó með þeim breytingum að 4% vanskilavextir á mánuði dæmast til 1. júní 1985, 3,5% vanskilavextir frá þeim degi til 1. september s.á. og 3,75% vanskilavextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaður sem stefndi greiði stefnanda ákveðst kr. 65.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Greiðslu þeirri er stefndi, Kaupfélag Húnvetninga, fékk samkvæmt samningi dags. 19. desember 1983 er rift.

Stefndi greiði stefnanda, þrotabúi Vörðufells hf., kr. 300.000,00 með 32% ársvöxtum frá 3. desember 1983 til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars s.á., með 4% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. júní s.á., með 3,5% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. september s.á. og með 3,75% vanskilavöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 65.000,00 í málkostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.